

Frumvarp til laga

um breyting á lögum um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 8. des.)

1. gr.

Í stað 7. mgr. 100. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Nú fer aðili og þeir sem hann er í samstarfi við með yfirláð í félagi þegar verðbréf þess eru tekin til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og verður hann þá ekki tilboðsskyldur samkvæmt þessari grein. Þetta gildir þó ekki ef viðkomandi aðili missir yfirláðin en nær þeim að nýju.

Nú átti eigandi hlutafjár meira en 30% atkvæðisréttar í félagi sem hefur fjármálagerninga tekna til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði fyrir 1. apríl 2009 og er hann þá ekki tilboðsskyldur samkvæmt þessari grein, enda auki hann ekki við hlut sinn. Sami tímafrestur gildir hafi aðili farið með yfirláð í félagi á grundvelli samstarfs samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Í stað orðanna „8. mgr. 100. gr.“ í 27. tölul. 1. mgr. 141. gr. og 9. tölul. 145. gr. laganna kemur: 6. mgr. 100. gr.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða II, III, IV, V og VI í lögnum falla brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

